

9. gr.

Undanþegnir lausagöngubanni samkvæmt 8. gr. er vegur 316, Kaldaðanesvegur, vestan ristarhliðs við Litlu-Sandvík og vegur 314, Holtsvegur, frá ristarhliði við Bræðratungu að sveitarfélagsmörkum austan Hæringsstaða. Verða þessir vegir merktir með viðeigandi aðvör-unarmerkjum.

10. gr.

Byggingar gripahúsa utan lögbýla eru einungis leyfðar á ákveðnum svæðum sem skipu-lögð eru fyrir búfjárhald. Þau gripahús sem fyrir eru í sveitarfélaginu utan lögbýla og svæða sem ekki eru ætluð til búfjárhalds samkvæmt aðalskipulagi, skulu fjarlægð þegar bæjarstjórn ákveður slíkt, með eins árs fyrirvara. Óheimilt er að byggja við þau, endurnýja eða endur-byggja, en gæta skal þess að þau líti vel út.

11. gr.

Einstaklingar og félög búfjáreigenda, sem hafa lönd í eigu sveitarfélagsins á leigu til beitar eða slægna skulu leitast við að viðhalda gróðri landsins og efla hann, meðal annars með árlegri áburðargjöf. Í leigusamningi fyrir beiti- og slægjulönd eru tilgreindar reglur um umgengni um landið.

12. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða refsingu skv. 18. gr. laga um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002.

13. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um búfjárhald o.fl. nr. 103/2002 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um búfjárhald í Sveitarfélaginu Árborg nr. 993/2001.

14. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

Allir þeir, sem við gildistöku samþykktar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem fellur undir samþykktina teljast hafa samþykki landbúnaðarnefndar til búfjárhalds.

Landbúnaðarráðuneytinu, 1. ágúst 2003.

F. h. r.

Níels Árni Lund.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Akureyri.

Þjónustustöð við gatnamót Borgar- og Hlíðarbrauta.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 3. júlí 2003 samþykkt deiliskipulag ofangreindrar lóðar fyrir bensínsölu og tengda verslun. Gert er ráð fyrir einu húsi á lóðinni, innakstur verði frá Hlíðarbraut og inn- og útakstur frá Borgarbraut. Kvöð er sett um gróður á lóðarmörkum.

Víðilundur, breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 4. febrúar 2003 samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Víðilund. Breytingin felst í því að lóð nr. 20-24 stækkar til norðurs. Á lóðarstækkuninni verða bílastæði.

Tröllagil 29, breyting á deiliskipulagi.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 20. maí 2003 samþykkt breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga Giljahverfis sem varðar ofangreinda lóð.

Breytingin felst m.a. í því að lóðin stækkar til norðurs, heimilt verður að reka leikskóla í húsinu, það verður 9 hæðir í stað 8, grunnflötur þess stækkar og íbúðum fjölgar úr 20 í 35.

Ofangreind deiliskipulög hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þau þegar gildi.

Akureyri, 7. ágúst 2003.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalín, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Reitur 1.171.2, Skólavörðustígur 4a/4b.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 15. júlí 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.171.2 vegna lóðanna Skólavörðustígur 4a og 4b.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Suður-Mjódd, flettiskilti.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 15. júlí 2003, breytingu á deiliskipulagi fyrir Suður-Mjódd, vegna flettiskiltis.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 19. ágúst 2003.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

Helga Bragadóttir.